

## Minnisblað

Málsnr. 1510068

Það sem áður var eitt svið, stjórnsýslusvið, hefur verið skipt upp í tvö svið, annars vegar stjórnsýslusvið og hins vegar fjármálasvið. Búið er að fækka um fjögur störf á sviðunum tveimur. Á móti hafa komið fjórir starfsmenn inn á sviðin sem áður voru á öðrum sviðum, sjá hér að neðan.

Fjármálastjóri var ráðinn sviðsstjóri fjármálasviðs. Undir fjármálasvið heyrna nú bókhald, fjárreiða og innkaupastjóri sem áður voru innan stjórnsýslusviðs. Til viðbótar hefur verið sett upp hageild innan sviðsins og þangað hafa færst tveir starfsmenn, frá fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu, og að auki einn starfsmaður í bókhaldsdeild, sem áður var á rekstrardeild hjá fjölskylduþjónustu. Starfsmaður í bókhaldi hefur sagt upp starfi og í hans stað verður ráðinn viðskiptafræðingur. Það starf hefur verið auglýst og ætlunin með þessu er að efla fjármálasviðið enn frekar.

Á stjórnsýslusviði að öðru leyti eru áfram sömu verkefni og þar voru fyrir að frátöldum þeim breytingum sem fylgja því að skrifstofa menningar- og ferðamála hefur verið lögð niður. Varðandi þann málaflokk þá heyrna forstöðumenn safnanna þriggja nú beint undir sviðsstjóra. Ferðamálum hefur verið sinnt af þeim sem vinna að undirbúningi Markaðsstofu Hafnarfjarðar, viðburðir eru hjá fræðslu- og frístundaþjónustu (ÍTH) önnur menningarmál hjá forstöðumanni Hafnarborgar (sem er nýkomin til starfa). Fækkað hefur verið á skrifstofu bæjarstjóra um 2 störf, meðtalin hér að framan.

Mannauðsstjóri hóf störf í upphafi árs. Það var um að ræða stöðugildi sem enginn starfsmaður hafði verið í nokkurn tíma. Bæjarlögmaður hefur störf 16. október n.k. Á móti hefur lögmaður sem starfaði á skipulags- og byggingasviði hætt störfum.

Tekinn hefur verið inn starfsmaður til að vinna að innleiðingu jafnlaunastaðals og drögum að nýjum samningum við Íþróttafélögin. Starfaði hann áður hjá fjölskylduþjónustu.

Mikilvægt er að auka vægi rafrænnar stjórnsýslu og efla skilvirkni og upplýsingagjöf sveitarfélagsins. Verkefni þessu tengd hafa verið á verksviði upplýsinga- og kynningarfulltrúa. Við þessar áherslubreytingar mun því starfi verða skipt upp í tvö störf. Annars vegar verkefnisstjóri rafrænnar stjórnsýslu og hins vegar samskiptastjóri. Síðarnefnda starfið verður auglýst um næstu helgi. Samskiptastjóri hefði yfirumsjón með samskiptum við fjölmiðla, sinnti innri og ytri upplýsingamiðlun og yrði í forystuhlutverki gagnvart samhæfingu upplýsingamála hjá Hafnarfjarðarbæ. Verkefnisstjóri rafrænnar stjórnsýslu stýrir uppbyggingu á rafrænni stjórnsýslu ásamt því að hafa yfirumsjón með innri og ytri vefjum Hafnarfjarðarbæjar, samhæfingu á milli stofnana á sviði vefmála og þróun á upplýsingatækni og innleiðingu á rafrænni stjórnsýslu.

Hafnarfirði 7. október 2015

Haraldur L. Haraldsson

bæjarstjóri